

	Staðfest:	172
154. Eiðapinghár, Suður-Múlasýslu .....	21. okt. 1957.	24. okt.
155. Grafningshrepps, Árnassýslu .....	21. — 1957.	
156. Grýtubakkahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
157. Hálshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
158. Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1957.	
159. Hrafnagilshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	21. — 1957.	
160. Hvammshrepps, Vestur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1957.	
161. Laxdæla, Dalasýslu .....	21. — 1957.	
162. Raufarhafnarhrepps, Norður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

173

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

24. okt.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 23 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
15. Í Borgarfjarðarsýslu .....	11. okt. 1957.
16. Í Mýrasýslu .....	11. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Rit- 174  
símafélagsins útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. 25. okt.  
október 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins.

1. gr.

Styrktarsjóður Mikla Norræna Ritsímafélagsins er stofnaður með gjafabréfi, sem póst- og símamálastjóra var afhent af Mikla Norræna Ritsímafélagsinu í til-  
efni af 50 ára afmæli landssímans 29. september 1956. Höfuðstóll sjóðsins er ísl.  
kr. 150 000.00 eða tilsvarendi upphæð í dönskum gjaldeyri.

174

25. okt.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja einstaka starfsmenn landssímans til þess að afla sér frekari þekkingar í einhverri sérgrein símarekstrar og til þess að skoða og kynnast einstökum þáttum símarekstrar erlendis.

2. gr.

3. gr.

Stjórn landssímans hefur með höndum vörzlu sjóðsins og úthlutun styrkja.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggilegan hátt annað hvort á Íslandi eða í Danmörku, annað hvort í sparisjóði ríkistryggðs banka eða í auðseljanlegum fulltryggðum skuldabréfum, sem eru keypt á gangverði.

5. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til styrkveitinga. Þegar sérstaklega stendur á, má einnig úthluta hluta af höfuðstólnum, en þó ekki svo miklu, að hann tæmist á skemmri tíma en 15 árum.

6. gr.

Stjórn landssímans auglýsir eftir umsóknum um styrkveitingar, athugar umsóknir og dæmir um þær, ákveður hverjir fá styrk og hve mikinn og setur önnur skilyrði fyrir styrkveitingu.

7. gr.

Úthlutun styrkja fer að jafnaði fram á hverju ári, en þó má fresta styrkveitingum til næsta árs, enda komi þá tilsvareandi hærrí upphæð til úthlutunar.

8. gr.

Skilyrði til þess að koma til greina við styrkveitingu er að umsækjandi hafi verið starfsmaður landssímans í 2 ár og hafi sýnt námsáhuga og árvekni í starfi sínu og skuldbindi sig til þess að gefa símamálastjórninni skýrslu um námsferð sína innan 3 mánaða eftir að henni er lokið, og enn fremur að starfa áfram hjá landssímanum að minnsta kosti í 2 ár. Geti hann ekki haldið þessi skilyrði, endurgreiði hann styrkinn.

9. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda landssímans, og síðan sendur fjármálaráðuneytinu með ársreikningi stofnunarinnar.

10. gr.

Stjórn landssímans getur síðar látið gera breytingar á orðalagi þessarar skipulagsskrá, ef breyttar aðstæður gera það nauðsynlegt, en þó má ekki víkja frá þeirri hugsun, sem upphaflega lá á bak við stofnun sjóðsins um tilgang hans.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. sept. 1957.

G. Briem.

*Einar Pálsson.*